

**144. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fjarfundi,
20. janúar 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundur haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2011292 - Samvinna eftir skilnað - tilraunaverkefni

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir að velferðar- og mannréttindasvið taki þátt í reynsluverkefninu, Samvinna eftir skilnað (SES-Ísland). Nú liggja fyrir drög að úrfærslu á verkefninu.

Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi fór yfir kynningu á verkefninu "Samvinna eftir skilnað (SES-Ísland)" sem velferðar- og mannréttindasvið er þátttakandi í.

Velferðar- og mannréttindaráð þakka fyrir góða kynningu.

2. 2101048 - Starfsáætlun velferðar- og mannréttindasviðs 2021

Drög að starfsáætlun velferðar- og mannréttindasviðs 2021 liggja fyrir.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir starfsáætlun velferðar- og mannréttindasviðs 2021.

3. 2011248 - Jöfnunarsjóður sveitarfélaga - fjárhagsaðstoð viðbótarframlag vegna heimsfaraldurs (COVID)

Ríkisstjórn Íslands samþykkti á haustmánuðum 2020 að veita Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 720 m.kr. viðbótarframlag sem rynni til sveitarfélaga þar sem útgjöld til fjárhagsaðstoðar hefðu aukist verulega í kjölfar heimsfaraldursins.

Sveitarfélögum var gefinn kostur á að sækja um framlag til Jöfnunarsjóðs vegna þessa. Akraneskaupstaður fékk framlag að upphæð kr. 13.812.209.

Lagt fram til kynningar.

Velferðar- og mannréttindaráð vísar þessu til kynningar til í bæjarráði.

4. 2101201 - Jöfnunarsjóður - viðbótarframlag vegna málefna fatlaðs fólks 2020

Samþykkt var að veita 670 m.kr. aukaframlag til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks á árinu 2020. Áætlað er að framlög Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks verði um 670 m.kr. lægri en ráð var gert í upphafi árs. Ástæðurnar eru annars vegar lækkun útsvars ársins og hins vegar lægri framlög ríkissjóðs vegna verkefnisins. Aukaframlagið er ætlað að koma til móts við þessa lækkun.

Skipting aukaframlagsins á milli þjónustusvæði er í sama hlutfalli og almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks á árinu 2020. Akraneskaupstaður fékk úthlutað framlag kr.19.460.000 eða 2.9% af hlutfalli framlaga Jöfnunarsjóðs.

Lagt fram til kynningar.

Velferðar- og mannréttindaráð vísar þessu til kynningar til í bæjarráði.

Fundargerð samþykkt öllum fundarmönnum með rafrænum hætti. KS, AÞÞ, EB, SH, SK og HÁ.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:45.